

Úrgangsráð Vestfjarða

Fjórði fundur

Netheimum 26. júní 2025 kl. 10.00 - 11.00

Fundargerð

Mættir: Lilja Magnúsdóttir og Gerður B. Sveinsdóttir Vesturbyggð (LM), Sigríður Júlía Brynleifsdóttir Ísafjarðarbæ, Halldóra Norðdahl Ísafjarðarbæ, Hrefna Jónsdóttir Reykhólahreppi, Eiríkur Valgeir Scott Súðavíkurhreppi og Hjörleifur Finnsson Hringrásarfulltrúi Vestfjarðastofu sem ritar fundargerð. Sigríður Júlía og Gerður, yfiráfu fund 10.30.

Dagskrá:

1. Fréttir af sorpbrennslumálum
2. Jarðgerðarvélar – staða á Vestfjörðum
3. Fréttahringur
4. Önnur mál

Fundargerð

1. Fréttir af sorpbrennslumálum

Hjörleifur greindi frá hugmyndum um sorpbrennslu á landsvísu sem staðsett yrði í Helguvík á Suðurnesjum. Skv. fyrri kynningum á undirbúningi verkefnisins fylgir því flutningjöfnunarkerfi. Til stóð að kynna lokaniðurstöður hagkæmniathugunar í janúar en stjórnarskipti virðast hafa tafið málið eitthvað. Nú er samt staðan þannig að Samband íslenskra sveitarfélaga er í samráði við umhverfisráðneytið um framvindu málsins.

Ótengt þessu máli er í umræðunni brennsla til að taka á móti dýrahæjum og svokölluðum CAT 1-3 úrgangi, en það mál er á forræði ríkisins og kemur sveitarfélögum ekki við skv. lögræðiáliti Sambandsins.

2. Jarðgerðarvélar – staða á Vestfjörðum

Hjörleifur kynnti stuttlega hvert sveitarfélögin Strandabyggð og Ísafjarðarbær væru komin í jarðgerðarmálum, Strandabyggð búin að kaupa vél sem afkastar 150 kg á sólarhring (ekki komin í notkun) og Ísafjarðarbær hefur fengið Purenorth til að gera greiningu fyrir sig, skrifað minnisblað og sótt um Fiskeldissjóð fyrir afkastamikilli vél. Vesturbyggð og Ísafjarðarbær hafa sótt, eða ætla að sækja, um styrk í orkusjóð fyrir jarðgerðavélum.

Sem fyrr er á dagskrá Hjörleifs í sumar að gera lítila skýrslu/úttekt um jarðgerðarmálin.

3. Fréttahringur

Hrefna sagði frá vandamálum tengdum móttökustöðu í Reykhólahreppi, sem hefur verið opin og fyrir vikið algengt að fólk hendi án greiðslu, líklega væri best að manna en erfitt að fá starfsfólk og því rafrænar Lausnir eitthvað sem þyrfti að skoða.

4. Önnur mál

Fundartími var ræddur lítilega og að það væri mögulega of mikið að halda samráðsfund um umhverfismál sama dag.

Ekki verður fundað í júlí og því næsti fundur 28 ágúst n.k.

Fundi slitið 10.40